

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:

Delta hf.

G. Ólafsson hf.

Lyfjaverslun ríkisins

Pharmaco hf.

Stefán Thorarensen hf.

Tóró hf.

VII. flokkur:

Lyf hf.

Medico hf.

VIII. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson hf.

Farmasía hf.

Gróco hf.

H. Ólafsson & Bernhöft

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1988. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní n.k. að telja um 10% frá því, sem þær eru hinn 31. maí 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.